

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Verðlaunasjóð barnaskóla Kirkjuhvamms- 169
hrepps í Vestur-Húnavatnssýslu«, gefin út á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 27. okt.
málaráðherra 27. október 1919.

Skipulagsskrá

fyrir verðlaunasjóð barnaskóla Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Verðlaunasjóður barnaskóla Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu«, og er stofnaður með arfleðsluskrá Ketils Bergssonar, dags 16. apríl 1918.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 4000 — fjögur þúsund — krónur. Hálfum ársvöxtum þess skal verja til að kaupa fyrir góðar bækur til úthlutunar meðal þeirra barna, sem ljúka fulln aðarprófi við barnaskóla Kirkjuhvammshrepps. Hálf ársvexti skal leggja við höfuðstól, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Sjóðinn skal fræðslunefnd Kirkjuhvammshrepps, eða það stjórnarvald, sem kann að koma í hennar stað, ávaxta samkvæmt ósk gefandans í sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, svo lengi sem henni þykir það fulltryggilegt. En umsjónarmaður fræðslumálanna er aðalumsjónarmaður sjóðsins. Hann semur reglur fyrir hagnýting sjóðsins samkvæmt erfðaskránni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal fræðslunefndin með fyrstu eða annari pósthferð eftir nýjár senda umsjónarmanni fræðslumálanna reikning sjóðsins undanfarið ár og úrskurðar hann reikninginn.

Á sama tíma sendir hún honum þá fjárupphæð, sem til úthlutunar kemur það ár samkvæmt stofnskrá sjóðsins og reglum.

Reyjavík, 27. október 1919.

Jón Þórarinnsson,